

Miðvikudaginn 6. maí 1998.

Nr. 183/1998.

Ríkissaksóknari

(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)

gegn

Árna Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1998, sem barst réttinum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí sl., þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október 1998 kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1998.

Ár 1998, mánudag 4. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til 106. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Árna Sigurðssyni, kt. 170173-2959, Meðalholti 2, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í Hæstarétti, en þó eigi lengur en til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. apríl sl., var framangreindur Árni dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist dómfellda frá 15. desember sl.

Við uppkvaðningu dómsins tók dómfelldi sér frest til að kveða á um áfrýjun, en lýsti yfir áfrýjun í tilkynningu til ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 6. apríl sl.

Samkvæmt 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað, að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi. Dómfelldi hefur sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vegna þeirra brota, sem hann hefur verið dæmdur fyrir, en á grundvelli 106. gr. sömu laga frá dómsuppkvaðningardegi. Skilyrðum 106. gr. framangreindra laga er því fullnægt, og verður dómfellda gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í málinu í Hæstarétti, en þó eigi lengur en til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Árni Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans í Hæstarétti, þó eigi lengur en til föstudagsins 16. október 1998 kl. 16.00.